

heldur ekki fyrir upplýsingar um Lykkjuport né vegarstæði, sem talið er, að eftir hafi verið skilið, þegar Björn Kristjánsson lét girða á þeim slóðum, eða hve langt sú girðing náði upp, og þá heldur ekki, hvort eða hvernig Lykkjumönnum hefur verið ætlaður umferðarréttur, þegar Vallárlæk var breytt og sléttað yfir farveginn og landið ræktað.

Rétturinn telur, að eigendum Lykkju sé nauðsynlegur umferðarréttur til að geta hagnýtt sér engjastykkið og mikil líkindi til, að hlutaðeigendur hafi á sínum tíma viðurkennt þann rétt, en þar sem mjög brestur á fullnægjandi upplýsingar, þykir verða að vísa þessum lið af kröfu sækjandans frá dómi.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu þykir rétt, að kostnaður og þóknun dómenda, samtals krónur fimmtán hundruð, greiðist af stefnda, en málskostnaður að öðru leyti falli niður.

Dví dæmist rétt vera:

Stefnandinn, Daniel Magnússon f. h. eigenda Lykkju, skal eiga rétt til vegarstæðis, fimm metra á breidd, beina línu austan Vallárlækjar frá þjóðveginum niður í fjöru, fast við lækinn.

Að öðru leyti er kröfum stefnandans um vegarstæði vísað frá dómi.

Stefndi, Magnús Benediktsson, greiði þóknun til dómenda og ferðakostnað með 1500 krónum innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Laugardaginn 17. maí 1947.

Kærumálið nr. 9/1947. Magnús Thorlacius

gegn

Eggert Claessen.

Setudómarar Einar Arnalds borgardómari og
próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ágreiningur um þóknun málflutningsmanns.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 28. apríl þ. á., er hingað barst 5. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands, upp kveðnum 28. f. m., í máli varnar-

aðilja gegn sóknaraðilja. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá stjórn Lögmannafélagsins. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins. Varnaraðili krefst þess, aðallega að málinu verði vísað frá hæstarétti, en til vara krefst hann þess, að úrskurður stjórnar Lögmannafélagsins verði staðfestur. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 61/1942 hefur stjórn Lögmannafélags Íslands úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, og má kæra úrskurði stjórnarinnar um þetta efni til hæstaréttar, sbr. 199. gr. laga nr. 85/1936. Nefnd lagaboð heimila hins vegar ekki, að skotið sé sér í lagi til hæstaréttar úrskurðum félagstjórnarinnar, er einungis lúta að starfsaðferðum hennar. Ber því að vísa kærumáli þessu frá hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Kærumáli þessu vísast frá hæstarétti.

Sóknaraðili, Magnús Thorlacius, greiði varnaraðilja, Eggert Claessen, kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 28. apríl 1947.

Með bréfi, dags. 10. jan. 1947, hefur sóknaraðili, Eggert Claessen hrl., beiðst úrskurðar stjórnar Lögmannafélags Íslands um það, hvort sú krafa hrl. Magnúsar Thorlacius um 300 kr. þóknun, sem um ræðir í máli þessu, geti talizt hæfileg. Telur sóknaraðili, að krafa varnaraðilja sé óhæfilega há, og verði fallizt á þá skoðun hans, beiðist hann þess, að félagsstjórnin úrskurði, hvaða þóknun teljist sanngjörn handa varnaraðilja fyrir störf þau, er í málinu greinir.

Varnaraðili krefst þess, að máli þessu verði vísað frá dómi. Virðist hann byggja frávisunarkröfu sína á því, að krafa sóknaraðilja sé þannig orðuð, að ekki sé unnt að leggja dóm á hana, eins og hún liggur fyrir. Þessari skoðun er mótmælt af varnaraðilja.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 61 4. júlí 1942 hefur stjórn félags héraðs-dóms og hæstaréttarlögmanna, þ. e. stjórn Lögmannafélags Íslands, úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstörf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana. Þar sem krafa sóknaraðilja um efnis-úrskurð þykir nægilega rökstudd samkvæmt áminnstu ákvæði laga nr. 61/1942, er ekki unnt að taka frávisunarkröfu varnaraðilja til greina.

Þvi úrskurðast:

Frávisunarkrafa varnaraðilja í máli þessu er ekki tekin til greina.

Laugardaginn 17. maí 1947.

Kærumálið nr. 10/1947. Gunnar Jósefsson
gegn

Hamrinum Mjölmi h/f.

Setudómarar Einar Arnalds borgardómari og
próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ágreiningur um framlagningu skjala.

Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru, dags. 25. apríl þ. á., kominni til hæstaréttar 7. þ. m., hefur kærandi skotið til hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp á bæjarþingi Akureyrar 21. apríl þ. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðinum verði hrundið og varnaraðilja dæmt skylt að leggja fram skjöl þau, er í úrskurðinum greinir. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og að sóknaraðilja sé dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að hann eigi þess ekki kost að fá skjöl þau, er í úrskurðinum greinir, frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, er greiddi kostnað af viðgerð